

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Loperamidum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	IMODIUM, hylki.	Við bráðum niðurgangi; skammtíma meðferð. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Tvö hylki í upphafi meðferðar. Ekki má taka fleiri hylki fyrr en að 2–3 tímum liðnum og þá eitt í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 8 hylki á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. Varúð: við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Kallið í lækni.

7. gr.

Við 64. gr bætist ný málsg., er hljóðar svo:

„Í þeim tilvikum, þar sem dýralæknisumdæmi er ósetið og ekki næst í dýralækni, má víkja frá þeirri meginreglu, að dýralæknum sé einum og einungis heimilt að ávísa dýrallyfjum, sbr. 1. og 22. gr. Í slíkum undantekningartilvikum er lækni heimilt að ávísa dýrallyfi.“

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, óðlast gildi 1. janúar 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður við Bergþórugötu að sunnanverðu austan bílastæðis við Sundhöll að Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. janúar 1989.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 15. desember 1988.

Böðvar Bragason.